

Sp.

86. Tillaga til þingsályktunar

[83. mál]

um nýtingu á kartöflum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Eggert Haukdal,
Árni Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti hægt er að nýta þær miklu kartöflubirgðir sem til eru í landinu.

Greinargerð.

Markaður fyrir ferskar kartöflur hér innan lands er talinn vera um 8000 tonn á ári hverju. Enn fremur hefur verið unnið úr allt að 2000 tonnum í kartöfluverksmiðjum í Þykkvabæ og á Svalbarðseyri. Það hefur gerst ár eftir ár að kartöfluuppskera er langtum meiri en sem nemur innanlandsneyslu. Þetta stafar fyrst og fremst af hagstæðri veðráttu. Uppskeyra kartaflna nú sló þó öll fyrri met og er talið að umframþingir á þessu hausti séu um 8000–10 000 tonn. Það má því ætla, verði ekkert að gert, að helmingur kartöfluuppskerunnar fari í súginn og komi engum að notum.

Enn fremur er það áhyggjuefni hvernig þessi miklu framleiðsluár hafa raskað samstöðu kartöflubænda og þrátt fyrir góðærið er nú tvísýnt um afkomu margra góðra ræktunarmanna í þessari atvinnugrein.

Þrátt fyrir þessa miklu uppskeru og lágt verð á kartöflum hafa ekki enn verið takmörkuð innflutningsleyfi á t.d. frönskum kartöflum. Talið er að ef verksmiðjurnar gætu framleitt nægar franskar kartöflur fyrir innanlandsmarkað yrðu þar nýtt 2000–3000 tonn í viðbót.

Sé framreiknað síðasta skráð grundvallarverð sexmannanefndar á kartöflum er það nú um 30 kr. á kg. Hins vegar er raunverð nú í kringum 16 kr. á kg. Af því verði dragast sjódagjöld og flutningur, 2,50 kr. á kg. Skilaverð til bónda er því 12–14 kr. á kg.

Dreifingarstöðvar þvo, flokka og dreifa vörunni í verslanir og selja kílóíð á 25–30 kr. með afslætti. Kaupmaðurinn eða verslunin selur síðan kílóíð út á 40–45 kr. Munur á skilaverði til bóndans og útsöluverði úr verslunum er því hlutfallslega allt of mikill.

Það er skaði fyrir þjóðina ef góðærið og þetta skipulagsleysi verður til að hrekja marga bestu og færstu framleiðendurna úr þessari atvinnugrein.

Það er því mikilvægt að í fyrsta lagi náist samstaða hjá kartöflubændum um skipulag sölumála og í öðru lagi að þeim verði lagt lið við að finna leiðir til að nýta umframuppskeru í góðæri. Þessi þingsályktun er flutt með það fyrir augum að ríkisstjórnin átti sig á þeim vanda sem við blasir og láti fara fram könnun á því hvernig auka megi kartöfluneyslu landsmanna og hvort hagkvæmt geti verið að nýta kartöflur á annan hátt en nú er gert.

Margar ábendingar um nýtingu hafa komið fram en kanna mætti sérstaklega fjórar eftirtaldar leiðir:

1. Að vinna kartöflur og nýta þær til fódurs.
2. Að nýta kartöflur til iðnaðar.
3. Að framleiða úr kartöflum ýmsa rétti til manneldis.
4. Að kannað verði hvort útflutningur geti komið til greina og þá hvernig staðið yrði að honum með sem hagkvæmustum hætti. Nokkur lönd hafa verið nefnd í þessu sambandi svo sem Svíþjóð, Norður-Noregur og Finnland. Enn fremur er hugsanlegt vegna sérstöðu landsins að hægt væri að stunda hér stofnrækt og selja útsæði til útlanda.